

## Gjafir

### Ábyrgð: Forstöðumaður

BUHR tekur við öllum gjöfum sem styrkja safnkostinn og samræmast áætlun um uppbyggingu hans.

Almennt áskilur BUHR sér rétt til að fara með gjafarit sem sína eign og ráðstafa þeim að vild, t.d. gefa öðrum eða henda ritum sem safnið telur sér ekki hag í að eiga. Óski gefandi eftir því afhendir safnið honum aftur rit sem það telur sér ekki hag í að eiga.

Sömu reglur gilda um gjafarit og annað efni hvað varðar grisjun, m.a. með tilliti til ástands og aldurs. Gjafaritum er raðað inní safnkost samkvæmt flokkunarkerfi Deweys eins og öðrum ritum í safnkosti.

Forstöðumaður BUHR fer yfir allar gjafir og metur hverju er bætt við safnkost BUHR.

**Mat:** Við mat á ritagjöfum á *hvaða formi sem er* ber einkum að hafa eftirfarandi í huga:

1. Styrkir gjöfin safnkost BUHR með tilliti til fræðastarfs og rannsókna við HR?
2. Samræmist gjöfin aðfangastefnu BUHR?
3. Hvaða kostnaður hlýst af því að taka við gjöfinni og gera hana sýnilega/aðgengilega ?
4. Hvert er ástand gjafarinnar. Eru bækurnar slitnar eða skítugar? Er um eldri útgáfur að ræða?

Forstöðumanni er heimilt að leita til eins eða fleiri eftirtalinna um aðstoð:

- a) Sérfræðing hjá HR á því efnissviði er gjöfin tekur til
- b) Sérfræðing í tæknimálum (Hópstjóri TogT / Vefstjóri HR)
- c) Sérfræðing á sviði lögfræði (yfirlestur samninga og ráðgjöf)